

Dags eftirlits	24.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	ArcticLAS	Eftirlitsmaður	
Heimili	Krókháls 5d	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5503881389	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Bergþóra Eiríksdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi ArcticLAS fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar mýs og rottur í flokki II. Engin frávik komu fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi ArcticLAS til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar mýs og rottur í flokki II að Krókhálsi 5d í Reykjavík. Viðstaddar eftirlitið var Bergþóra Eiríksdóttir fyrir hönd rekstraraðila og María Svavarsdóttir fyrir hönd Umhverfis- og orkustofnunar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Almenn ákvæði (kaflí 1 í starfsleyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kaflí 2 í starfsleyfi)
- Innra eftirlit og starfshættir rekstraraðila (kaflí 3 í starfsleyfi)
- Eftirlit (kaflí 4 í starfsleyfi)
- Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila. Farið var yfir leyfið þ.m.t. umfang, skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir, vinnudagbækur og þjálfunarskrár starfsfólks en leyfið felur í sér innflutning og ræktun á allt að 3500 erfðabreyttum músum (*Mus musculus*) og 320 erfðabreyttum tilraunarottum (*Rattus norvegicus domestica*) á ári með mismunandi erfðabreytingar. Verklag var almennt í samræmi við leyfi. Lagt var fram yfirlit yfir brenndan úrgang; dýrahræ, önnur efni og sóttmengud efni frá árunum 2014 til 2025 sem og lista yfir erfðabreytta stofna sem verið er að vinna með.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar mýs og rottur á rannsóknastofum. Engar rottur voru til staðar en nokkuð af músum.

Góðir verkferlar eru viðhafðir við alla meðhöndlun úrgangs, aðgangsstýringar eru til staðar, varnir gegn sleppingum og listar og aðvörunarskilti um erfðabreyttar lífverur, öryggisblöð til staðar. Aflífaðar mýs og rottur voru í frystiskáp og sér fyrirtækið Terra um að brenna þær sem og að urða sag með saur og þvagi frá músunum og farga sóttmengudum áhöldum og formalíni.

Reykjavík, 20.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir